

11. Af þessum voru: a, mál- og heyrnarlausir; b, heyrnarlausir (alveg sviptir heyrn); **54**  
c, blindir (alveg sjónlausir); d, fábjánar; e, geðveikir. 31. marz
12. Athugasemdir.
13. Viðaukaskýrsla A. um þá, sem eru staddir í sókninni, en eiga þar eigi heima: a, bœjanöfn og húsa; b, hið fulla nafn; c, kyn; d, aldur; e, gipt eða ógipt; f, trúarbrögð; g, fæðingarstaður; h, staða á heimilum, atvinnuvegur eða, á hverju þeir lifa; j, hið eiginlega heimili þeirra; k, athugasemdir.
14. Viðaukaskýrsla B. um þá, sem um stundarsakir eru utan sóknar: a, bœja nöfn og húsa; b, hið fulla nafn; c, kyn; d, aldur; e, gipt eða ógipt; f, trúarbrögð; g, fæðingarstaður; h, staða á heimilinu, atvinnuvegur eða, á hverju þeir lifa; j, sá staður, þar sem hann er um stundarsakir; k, athugasemdir.

Eyðublöðin undir *fólkstalstöflur* þær, er prestar eiga að semja, eru í öllu verulegu lagaðar eptir fyrirmynd þeirri, sem prentuð er við stjórnardeildarbrjef 15. maí 1855 í «Lovsamling for Island» XVI bls. 186—188, og er þeim eins og henni skipt í 3 kafla: Nr. 1. «Eptir aldri, kyni og hvort gipt sjeu eða ógipt eða skilin úr hjónabandi». Nr. 2. «Eptir trúarbrögðum». Nr. 3. «Eptir atvinnuegum». Verulegasta breytingin er, að prestar nú eiga að flokka fólkinu í sóknum sínum eptir því, hvort það sje fætt á sama árinu (ekki á sama 5 ára tímabilinu) og að sleppt er athugasemdinni við Nr. 1. um fjölgun eða fækkun fólksins frá hinu síðasta almenna manntali.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á ólögildum* **55**  
póstmerkjum. — Þjer hafið herra landshöfðingi skýrt ráðgjafanum frá, að á póststofunni í Reykjavík liggi enn leifar af íslenskum póstmerkjum, sem ekki hafa verið seld, áður en þau með brjefi ráðgjafans frá 7. desember 1876<sup>1</sup> voru innkolluð sem ógild, og sje verðupphæð þeirra að nafninu til 8296 kr. og hafið þjer í annan stað lagt það til í þóknanlegu brjefi frá 26. nóvember f. á., að yður mætti veitast heimild til að selja þessar eptirstöðvar fyrir hönd póststjórnarinnar, þannig að kaupandanum veitist 40—50% afsláttur af upphæð þeirri, sem póstmerkin hljóða upp á, ef keypt er að minnsta kosti fyrir 500 kr. í einu og með því skilyrði, að kaupinu sje skipt niður á póstmerkja eptirstöðvar þær, sem nú eru fyrir hendi af hverri tegund um sig, þó þannig að póststofunni sje áskildar að minnsta kosti 2 eða 3 arkir af hverri póstmerkjategund, til þess að geta selt kaupöndum, er minna kaupa, fyrir fullt verð.

Fyrir því lætur ráðgjafinn ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám prestsmötugjalds.* — Samkvæmt tillögum ráðgjafans að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi, frá 17. nóvember f. á. þóknaðist hans hátign konunginum 17. þ. m. allra mildilegast að samþykkja, að jarðirnar Hoffell, Svínafell og Setberg í Hoffellskirkjusókn í

1) Sjá auglýsingu landshöfðingja 27. marz 1877 (Stjórnartíð. s. á. B. 62).

LEIÐRJETTINGAR: Bls. 44 l. 28 að ofan; „skipt með 5“ les skipt með 6.  
Bls. 53 l. 21 að ofan: „töflur þessar með“ les töflur með.

Hinn 28. apríl 1880.